



# Seltjarnarnesbær

Starfs- og fjárhagsáætlun 2012

## Efnisyfirlit

	Bls.
1. Greinargerð með fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2012	3
2. Megináherslur sviða bæjarins	4
2.1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið	4
2.2. Félagsþjónustusvið	5
2.3. Fræðslusvið	12
2.4. Menningarsvið	16
2.5. Íþróttá- og tómstundasvið	18
2.6. Bygginga- og umhverfissvið	20
3. B-hluti, fyrirtæki og stofnanir	25
4. Fjárhagsáætlun 2012	28

# 1. Greinargerð með fjárhagsáætlun Seltjarnarness 2012

Fjárhagsáætlunin var unnin í samráði við minnihlutann og í þeirri vinnu var haft að leiðarljósi að verja áfram grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu. Markmið þeirra samvinnu var að standa vörð um þjónustu við börn og velferð.

Enn er óvissa um þróun helstu hagstærða á næstunni og því erfitt að leggja fram traustar forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2012. Ljóst er að árið 2012 verður áfram erfitt í íslenskum þjórðarbúskap og markast þær forsendur sem hér eru lagðar fram af því.

Vinumarkaður, allar spár s.s. Seðlabanka og fjármálaráðuneytis, gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði lægra á næsta ári. Mikið atvinnuleysi mun vafalítið hafa áhrif á tekjumyndun og launaþróun og því talsverð óvissa um þróun atvinnulífsins á næsta ári.


Verðlagsþróun, búast má við að launahækkunir seinni hluta síðasta árs og byrjun þessa árs valdi hækkun á vísitölu neysluverðs. Við hækkun á ýmsum þjónustuliðum hins opinbera, verðum við að gera ráð fyrir að verðlag hækki. Forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir að verðbólga verði 3% frá upphafi til loka árs.

## **Á meðal helstu forsendna eins og fram hefur komið eru:**

- Útsvar. Að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 14,18%. Gert er ráð fyrir að staðgreiðsla útsvars muni hækka á árinu um 4,5%. Áætlaðar útsvarstekjur eru 1.725 millj. kr. og er þá miðað við útgönguspá fyrir árið 2011, ekki er gert ráð fyrir íbúafjölgun og tekið tillit til launaþróunar m.a. vegna áhrifa nýrra kjarasamninga á árinu 2011.
- Fasteignagjöld. Að álagningarhlutfall fasteignaskatta verði óbreytt. Fasteignamat hækkar að meðaltali um 8,84%
- Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggi að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.
- Að þeim aðhaldsaðgerðum sem voru framkvæmdar á árinu 2011 í grunn- og leikskólum og á fleiri sviðum verði framhaldið á árinu 2012.
- Að áfram verði gætt ýtrasta hagræðis í rekstri og gætt að hagkvæmni í öllum innkaupum.
- Að Seltjarnarnesbær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað varðar fjármál og rekstur.

## 2. Megináherslur sviða bæjarins

### Skipting fjármagns á svið bæjarins



### 2.1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið


Hlutverk stjórnsýslusviðs og fjármáladeildar Seltjarnarneskaupstaðar er að annast um fjármál bæjarins í heild s.s. að annast um bókhald, launabókhald, skatttekjur, innheimtumál o.fl. og síðan að annast og hafa eftirlit og aðstoða við stjórnsýslu bæjarfélagsins s.s. vegna samþykpta, verklagsreglna, gjaldskráa, annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins s.s. bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

Verkefni sviðsins eru margþætt og snúa bæði að þjónustu inn á við þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar, svo sem alla símsvörun bæjarins og þjónustu við viðskiptavinum bæjarins. Almennir rekstrarliðir hafa viðmið sín úr gildandi þjónustusamningum, mati á raunnotkun og verðlagsbreytingum. Segja má um alla hefðbundna rekstrarliði að þeir einkennist að miklu aðhaldi þar sem farið hefur verið í gegnum alla rekstrarliði stóra sem smáa með það að leiðarljósi að hagræða í rekstri án þess þó að skerða þjónustu og gerir m.a. aukin rafræn þjónusta það mögulegt.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs auk hefðbundinna verkefna hafa verið að viðhalda og þétta innri verklagsreglur í stjórnsýslunni almennt, þróa áfram rafræna stjórnsýslu fyrir íbúa bæjarins í gegnum heimasíðu hans. Sviðið sér um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum. Áfram verður haldið við að færa alla reikninga yfir á rafrænt form. Það mun auka öryggi til að flýta og auðvelda allt ferli þeirra, einnig að auka öryggið í allri úrvinnslu reikninga.

## 2.2. Félagsþjónustusvið

### Skipting kostnaðar félagsviðs



Félagspjónustusviðið er næstminnsta svið bæjarins með um 18 stöðugildi. Félagspjónustusvið hefur aðsetur í Mýrarhúsaskóla eldri.

Starfsmenn þar eru félagsmálastjóri, yfirfélagsráðgjafi, deildarstjóri öldrunarþjónustu og félagsráðgjafi/unglingaráðgjafi.

Verkefni starfsmanna eru félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, ráðgjöf til fatlaðs fólks, móttaka og greining umsókna um heimaþjónustu, heimsendingu matar, ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra, húsaleigubætur, liðveislu, félagslegar leiguíbúðir, sérhæfða búsetu fyrir fatlaða og aðra þjónustu í þágu fatlaðra, þjónustukort fyrir atvinnulausa.

Útgjöld til félagspjónustunnar er skv. fjárhagsáætlun 215,7 milljónir, en það eru um 11% af rekstrarútgjöldum bæjarins, A sjóðs.

Einnig heyra til sviðsins útgjöld vegna félagslegra íbúða en úthlutun og umsjón með þeim er á ábyrgð sviðsins. Útgjöld vegna félagslegra íbúða eru 21 milljón skv. áætlun fyrir B hluta fyrirtækja og stofnana bæjarsjóðs.

Félagsmálaráð fer með stefnumótun félagspjónustu og fjallar um mál sem starfsmenn hafa ekki umboð til að taka ákvörðun um. Ráðið fundar að jafnaði annan hvern mánuð.

Félagsmálastjóri sér um verkefni sem ráðið felur honum eða úthlutar öðrum starfsmönnum. Jafnréttismál heyra einnig undir starfsemi félagsmálasviðs. Jafnréttisnefnd fundar 2 – 3 á ári og situr félagsmálastjóri fundi hennar og annast verkefni fyrir nefndina.

### **Helstu verkefni og áherslur Félagspjónustusviðs 2012**

Markmið félagspjónustu byggir á 1. gr. laga nr. 40/1991 um félagspjónustu sveitarfélaga og reglum Seltjarnarnesbæjar sem settar eru á grundvelli laganna. Markmið félagspjónustu er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar. Skal það gert með því:

- a. að bæta líf skjör þeirra sem standa höllum fæti,
- b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
- d. að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

## **Einstakir þættir félagsþjónustunnar:**

### **Þjónusta við aldraða á Skólabraut 3 - 5**

Á Skólabraut 3 – 5 er veitt margvísleg þjónusta við aldraða. Þar er mötuneyti og dagvist starfrækt, húsvörður sem sinnir þjónustu við íbúa í húsinu og aðstoðar við þjónustu á jarðhæð. Félagsstarf fer fram í húsinu, bæði tólmstundastarf í formi námskeiða og félagsleg samvera af ýmsu tagi.

### **Heimaþjónusta**

Starfsmenn heimaþjónustu eru 11 í 6,5 starfsgildum. Fastráðnir starfsmenn heimaþjónustu hefja flestir vinnudaginn með að mæta á skrifstofuna í Mýrarhúsaskóla eldri þar sem farið er með þeim yfir verkefni dagsins. Þessir starfsmenn hafa einnig afnot af kaffi- og mataraðstöðu með öðru starfsfólki í húsinu. Vinna þessara starfsmanna fer að öðru leyti fram á heimilum þeirra sem fá heimaþjónustu.

Verktakasamningur er við þjónustufyrirtæki sem sinnir heimaþjónustu á 20 heimilum þar sem eingöngu þarf að aðstoða við þrif. Einstaklingsmiðað þjónustumat verður unnið í samráði við alla sem fá heimaþjónustu og kvöld- og helgarþjónustu. Það skapar heildstæða þjónustukeðju.

Vinnutími starfsmanna sem vinna í kvöld- og helgarþjónustu verði sveigjanlegur og komið á móts við þarfir notenda hverju sinni.

Samskiptabók verði á öllum heimilum sem njóta heimaþjónustu daglega eða oftar. Með henni verða styttri boðleiðir milli starfsmanna sem sinna þjónustu á heimilinu og aðstandenda.

Starfsmenn heimaþjónustu fá sem fjölbreyttust verkefni samhliða vinnu við heimilisþrif. Það stuðlar að aukinni starfsgleði og bættum starfsanda.

Haldnir verði stuttir fundir (örfundir), með starfsmönnum heimaþjónustu aðra hverja viku. Á þeim verði miðlað upplýsingum og ýmis vinnutengd mál rædd. Fundir sem þessir auka samkennd meðal starfsmanna og geta einnig verið vettvangur til hvatningar og stuðningur við starfsmenn.

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu beri nafnspjald með nafni og mynd. Nafnspjaldið verði borið um hálsinn eða fest með nælu í barminn.

### **Félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð**

Félagsráðgjöf felst í heildrænni ráðgjöf og stuðningi við skjólstæðinga. Félagsráðgjafar hafa víðtæka þekkingu á úrræðum sem standa til boða í nær- og fjærsamfélaginu hverju sinni.

Félagsráðgjafar veita félagslega ráðgjöf, í henni felst annars vegar upplýsingagjöf um félagsleg réttindi og stuðningur vegna félagslegs- og/eða persónulegs vanda t.d. geðraskana eða áfengis- og fíkniefnavanda.

Um fjárhagsaðstoð gilda reglur og viðmiðanir og þarf félagsráðgjafi að meta hverju sinni hvort að réttur til fjárhagsaðstoðar sé til staðar. Á árinu verða reglurnar yfirfarnar og skoðaðar í samanburði við reglur annarra sveitarfélaga.

Markvisst verður unnið að því að leysa vanda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til lengri tíma með nánari greiningu og beitingu annarra úrræða. Fjárhagsaðstoð er alltaf hugsuð sem tímabundin aðstoð og er það m.a. annars verkefni félagsráðgjafa að aðstoða fólk við að koma sér úr þeirri stöðu að þurfa slíka aðstoð.

Haldið verði áfram útgáfu þjónustukorta fyrir atvinnulausa sem veitir aðgang að líkamsræktarstöð, sundi og bókasafni í 3 mánuði í senn. Réttur til kortanna byggir á því að hinn atvinnulausi eigi ekki rétt á líkamsræktarstyrk hjá stéttarfélagi. Mögulegt er að fá slíkt kort tvisvar yfir árið. Fylgst verði grannt með þróun atvinnuleysis.

Félagsráðgjafar veita öldruðum einnig félagslega ráðgjöf. Auk þess veitir félagsráðgjafi í samráði við deildarstjóra öldrunarþjónustu upplýsingar um félagslegar aðstæður og félagslega þjónustu við hinn aldraða þegar beiðni um vistunarmat liggur fyrir. Vistunarmat er forsenda úthlutunar hjúkrunarrýmis.

### **Unglingaráðgjöf**

Unglingaráðgjafi sinnir málefnum unglunga á aldrinum 12-18 ára sem og ungmenna 19-25 ára, sem þarfnast stuðnings, félagslegrar ráðgjafar og aðstoðar. Unglingaráðgjafi starfar náið með skólum Seltjarnarness og foreldrum að úrlausn vanda unglunga. Þá er hans hlutverk einnig að beina ungmönnum sem eru utan vinnumarkaðar og skóla í virkni oft í samvinnu við Vinnumálastofnun eða aðrar stofnanir sem koma að málefnum ungs fólks.

### **Þjónusta við fatlaða**

Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær eru eitt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks og er Reykjavík leiðandi sveitarfélag í því samstarfi. Seltjarnarnesbær sér um ákveðna þætti þjónustunnar. Starfsmenn á félagssviði Seltjarnarnesbæjar annast móttöku umsókna og könnun á högum umsækjenda og miðla áfram þeim upplýsingum til Reykjavíkur. Reykjavík sér um sérhæfð búsetuúrræði og dagþjónustu við fatlaða, auk



skammtímavistunar, áfangastaða o. fl. Seltjarnarnesbær sér um málefni stuðningsfjölskyldna og sérstaka liðveislu skv. samningi við Reykjavíkurborg.

### **Forvarnir**

Lykillinn að árangri Seltjarnarnesbæjar í forvarnamálum er samvinna og samráð allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kennslu, þjálfun og annarri vinnu með ungmenum. Samráðshópur um áfengis- og vímuvarnir hefur verið starfandi frá árinu 1995. Hópurinn er fjölskipaður og hittist fjórum sinnum á ári og mun gera það áfram. Forvarnafulltrúi sér um fræðslu til foreldra í samvinnu við foreldrafélög skólanna.

Félags- og unglingaráðgjafi er fulltrúi bæjarins í SAMAN- hópnum sem er samráðsvettvangur fagfólks frá öllu landinu og vinnur að forvörnum. Hópurinn allur hittist mánaðarlega. Fulltrúi bæjarins er í verkefnahóp sem stendur að sumarverkefni 2012, undirbúningur hefst á vormánuðum Auk þess er fulltrúi bæjarins í vefsíðuhóp sem heldur utan um heimasíðu SAMAN-hópsins, veffang hópsins er [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is)

Seltjarnarnesbær er þátttakandi í verkefni Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Landlæknis um *Öruggt samfélag. Markmið verkefnisins er að efla slysa- og ofbeldisvarnir í bæjarfélaginu og auka þannig öryggi og velferð íbúa Seltjarnarness, hér er því um mjög víðtækar forvarnir að ræða. Félagsráðgjafi er tengiliður verkefnisins og heldur utan um innleiðingu þess. Hann kallar saman stýrihóp sem samanstendur af 17 aðilum frá öllum helstu stofnunum bæjarins, bæjarstjóri er formaður hópsins. Nokkur tölur hefur orðið á vinnslu verkefnisins þar sem boðið er eftir aðkomu frá Landlækni (sem var áður Lýðheilsustöð) en stofnunin skuldbatt sig til að aðstoða við innleiðingu verkefnisins þegar bærinn samþykkti þátttöku. Vonir standa til að úr því verði bætt á árinu 2012.*

Árið 2012 situr félagsráðgjafi fyrir hönd bæjarins í samráðshópi áfallahjálpar í umdæmi lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Þessi hópur er myndaður samkvæmt nýju skipulagi áfallahjálpar á Íslandi.

### **Félags- og tómstundastarf**

Félagsstarf aldraðra heldur úti fjölbreyttu tómstunda- og félagsstarfi alla virka daga allan ársins hring þó aðeins dragi úr fjölbreytninni yfir há sumarið. Boðið er upp á námskeið í glerbræðslu, glerlist, leirlist ásamt almennri handavinnu og öðrum tímabundnum námskeiðum. Þá er í boði ýmis hreyfing svo sem ganga og léttar æfingar, jóga og botsía. Félagsvist, bingó, dans og óvissudagar eru í hverjum mánuði. Einnig er boðið upp á söngstund hvern föstudag ásamt ýmsum öðrum tilfallandi uppákomum. Sýning er haldin ár hvert á afrakstri vetrarins.

Stefnt hefur verið að því að gera félags- og tómstundastarf eldri borgara á Seltjarnarnesi fjölbreyttara og tímasetningar sniðnar að því að sem flestir geti notfært sér það sem

boði er. Félagsstarfið fer að mestu fram í aðstöðunni að Skólabraut 3 - 5 þótt aðeins sé farið að nýta aðra aðstöðu í nágrenninu. Stefnan er að gera starfið markvissara og sýnilegra t.d. með því að auglýsa dagskrána á vef bæjarins, í Morgunblaðinu á hverjum degi og eins hafa Nesfréttir komið sterkar inn. Verið er að kanna hvort unnt sé að bæta við námskeiðum í tölvunotkun, ritsmíði og bókbandi ásamt öðrum hugmyndum sem verið er að vinna að. Þetta er háð fjárhagsáætlun og endurskoðun gjaldskrár.

Þátttaka karla hefur aukist til muna í starfinu almennt. Sjálfsprottið starf á þeirra vegum gengur vel. Þeir hittast tvisvar í viku í kaffisþjalli og billjard, ásamt því að halda úti klúbbstarfi bæði í matargerð og tréskurði.

Góð samvinna og samstarf hefur komist á milli félagsstarfsins og nokkurra aðila innan bæjarins svo sem kirkjunnar, Tónlistarskólans, bókasafnsins og félagsmiðstöðvarinnar Selsins sem gefið hefur starfinu aukna fjölbreytni. Allir dagskrárliðir þessara aðila sem henta félagsstarfinu eru auglýstir með í dagskrá þess.

### **Dagvist aldraðra**

Dagvist aldraðra hefur það hlutverk að bjóða eldri borgurum á Seltjarnarnesi þjónustu sem miðar að því að þeir geti búið á eigin heimili þrátt fyrir skerta andlega eða líkamlega heilsu, rjúfa félagslega einangrun og tryggja að þeir njóti þeirra lífsgæða sem kostur er á. Lögð er áhersla á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og eiga virk samskipti við aðstandendur. Mikilvægt er að styrkja tengslin við aðstandendur með því að koma á reglulegum fundum með þeim einu sinni til tvisvar á ári og tryggja sem best samráð um þá þjónustu sem snýr að hverjum og einum.

Gæta þarf vel að því að mannelis-sjónarmið Lýðheilsustöðvar séu höfð að leiðarljósi í mótuneyti. Virkt samstarf við heima-þjónustu, heimahjúkrun og heilsugæslu. Ástæða er til að heimaþjónusta og dagvistin fundi reglulega um sameiginlega skjólstæðinga og aðra sameiginlega þætti í starfinu. Virkt samstarf er við félagsstarf aldraðra.

Félagsstarf aldraðra býður upp á góða og metnaðarfulla þjónustu og sú þjónusta nýtist nú betur en áður þeim sem verst standa og þurfa sérhæfða þjónustu. Miklu skiptir að gestir dagvistarinnar hafi sem fjölbreytilegust viðfangsefni. Tryggja þarf áfram að allir eigi kost á því að njóta þeirrar tilbreytingar sem fólgin er í slíku starfi.

### **Barnavernd**

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Barnaverndarstarfið á Seltjarnarnesi byggir á Barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem og áætlun bæjarins í barnaverndarmálum sem samþykkt var í febrúar 2008.

Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar á að stuðla að skýrri framtíðarsýn meginþátta í starfsemi barnaverndar og auka gæði barnaverndarstarfs. Með því er stuðlað að samfélagi þar sem börn eiga rétt á vernd, umönnun og njóti réttinda sem eru í samræmi við aldur og þroska. Áætluninni er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi.

Meðal helstu áhersluatriða eru:

- Að barnafjölskyldur sem þurfa aðstoð séu styrktar í uppeldishlutverki sínu
- Að hagsmunir barna séu í fyrirrúmi
- Að Seltjarnarnesbær sjái börnum fyrir þroskavænum uppeldiskilyrðum í leik og starfi.


Til að ná markmiðum og áherslum í stefnunni á að auka vægi barnaverndarstarfs m. a. með aukinni fræðslu varðandi barnavernd, uppeldi og forvarnir. Félagsráðgjafar eru í mjög nánu samstarfi við leik- og grunnskólana, til þess að hægt taka strax á málefnum barna og unglunga. Þá munu félagsráðgjafar kynna barnaverndina fyrir starfsfólki skólanna á Seltjarnarnesi á árinu, en nauðsynlegt er að slíkar kynningar fari reglulega fram.

Þróaðar verði nýjar leiðir í barnaverndarstarfi og starfsmönnum verði gert kleyft að sækja áfram fræðslu, námskeið og símenntun.

### 3.3. Fræðslusvið

Skrifstofa Fræðslusviðs er í húsnæði bæjarskrifstofu Seltjarnarness að Austurströnd 2. Fræðslufulltrúi Seltjarnarnesbæjar er Baldur Pálsson.

**Skipting kostnaðar Fræðslusviðs**



Fræðslusvið er langviðamesta þjónustusvið Seltjarnarnesbæjar þar sem fjöldi starfsfólks og stöðugilda er mestur. Um það bil helmingur af tekjum bæjarins nýtist til reksturs sviðsins. Hlutverk Fræðslusviðs er að hafa yfirumsjón með starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, daggæslu í heimahúsum, auk þess að sinna forvarnarstarfi. Fræðslufulltrúi hefur umsjón með upplýsingagjöf fyrir skólanefnd, undirbúningi funda og ritun fundargerða, ásamt eftirfylgni við stefnumörkun og ákvarðanir nefndarinnar. Fræðslufulltrúi hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð þeirra starfsstöðva sem tilheyra sviðinu í samráði við hlutaðeigandi stjórnendur. Sviðið hefur auk þess umsjón með innritun barna til dagforeldra og í leik-, grunn- og tónlistarskóla, ásamt umsjón með skráningu nemenda bæði í grunn- og tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fræðslufulltrúi hefur yfirsýn yfir dagforeldra í bænum, veitir þeim ráðgjöf og starfsleyfi, auk þess að hafa eftirlit með því að starfsreglum sé framfylgt.

#### **Helstu verkefni og áherslur Fræðslusviðs 2012**

- Í nóvember 2011 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar endurskoðaða skólafundunni bæjarins. Innleiðing skólafundunnar ásamt innleiðingu nýrra aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla verða stærstu verkefni á Fræðslusviði árið 2012.
- Unnið verður við eftirfylgni við vinnustaðargreiningu, sem lögð var fyrir í október

2011 og áfram verður unnið að aðlögun starfsemi stofnana á sviðinu að fækkun nemenda. Þetta á sérstaklega við um grunn- og tónlistarskóla.

- Fræðsluvið mun ásamt ÍTS í samstarfi við leik- og grunnskóla sjá um „Sumarskóla“ fyrir 5 ára börn í ágústmánuði. „Sumarskólinn“ miðar að því að venja börnin við umhverfi grunnskólans, ásamt því að flýta inntöku nýrra nemenda á leikskóla.
- Áfram verður unnið að því að leik-, grunn-, og tónlistarskóli uppfylli markmið Staðardagskrár 21 og Grænfánaverkefnum skólanna verður fram haldið.

### **Leikskóli Seltjarnarness**

Mánabrekka, Suðurströnd 1, og Sólbrekka, Suðurströnd 3.

Skólastjóri er Soffía Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Anna Harðardóttir.

Fjöldi starfsmanna skólaárið 2010 – 2011 er 45.

Leikskóli Seltjarnarness starfar skv. lögum um leikskóla og reglugerðum þeim tengdum.

Hann heyrir undir fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar. Þann 1. júlí 2010 voru leikskólarnir Mánabrekka og Sólbrekka sameinaðir í eina fag- og rekstrareiningu, Leikskóla Seltjarnarness. Við sameiningu leikskólanna var ákveðið að helstu áherslupættir LS yrðu umhverfismennt, tónlist og SMT – skólafærni. Í leikskólanum eru 179 börn sem skiptast á 9 deildir – eldri börnin eru í Sólbrekku og yngri í Mánabrekku.

Í öllu uppeldisstarfi skólans er barnið í brennidepli í þeim skilningi að gengið er út frá þroska og þörfum barnsins hverju sinni. Leikurinn er „hornsteinn“ leikskólastarfsins því barn lærir mest og best í leik og samskiptum við börn og fullorðna í frjóu og skapandi umhverfi. Leikurinn er námsleið barnsins og kennsluaðferð leikskólakennarans.

### **Helstu verkefni og áherslur Leikskóla Seltjarnarness 2012**

- Innleiðing gilda fyrir Leikskóla Seltjarnarness.
- Efling starfshópa kennara um samskipti og starfsumhverfi í sameinuðum skóla.
- Umhverfismennt.
- SMT – skólafærni.
- Tónlist.
- Þátttökuaðlögun.
- Byrjendalæsi.
- Samstarf við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- Vinna að skólanámskrá fyrir LS.
- Sumarskóli fyrir 5 ára börn.
- Samstarf við Menntavísindasvið HÍ.

- Íþróttaskóli Gróttu.
- Jafnréttisstefna Seltjarnarness.

### **Grunnskóli Seltjarnarness**

Mýrarhúsaskóli v/Nesveg og Valhúsaskóli v/Skólabraut.

Skólastjóri er Guðlaug Sturlaugsdóttir og aðstoðarskólastjórar Helga Kristín Gunnarsdóttir og Ólína Thoroddsen. Fjöldi starfsmanna skólaárið 2011-2012 er 93.

Grunnskóli Seltjarnarness er heildstæður grunnskóli sem starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar. Í tengslum við skólann er rekið mötuneyti og skólaskjól. Skólaskjól er frístundaheimili fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Stefnt er að því að nemendur hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu.

Með það að leiðarljósi er lögð áhersla á að koma til móts við alla nemendur og boðið er upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver fái kennslu við sitt hæfi. Lögð er áhersla á að við skólann starfi metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. Gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í skólanum er einnig lögð áhersla á heilbrigðan metnað nemenda, sjálfstæði og ábyrgð. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og eiga þau að einkenna skólastarfið.

### **Helstu verkefni og áherslur Grunnskóla Seltjarnarness 2012**

- Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar í tengslum við útgáfu nýrrar aðalnámskrár og endurskoðaða skólastefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Innleiðing nýrra þátta í mati á skólastarfi s.s. sjálfsmati nemenda, foreldrakönnun í Skólavog o.fl.
- Endurskoðun á vali á unglíngastigi.
- Þróun skipurits.
- Byrjendalæsi, formlegri innleiðingu lýkur vorið 2012.
- Símenntunaráætlun með nýju sniði.
- Að festa uppbyggingarstefnuna í sessi.
- Unnið áfram að verkefninu skóli á grænni grein (Grænfáninn).
- Þróun kennsluhátta í samfélags og náttúrugreinum á unglíngastigi.

- Þróun kennsluhátta á miðstigi.
- Úrvinnsla úr vinnustaðagreiningu
- Úttekt Menntamálaráðuneytisins á grunnskólastarfi á Seltjarnarnesi

### **Tónlistarskóli Seltjarnarness**

Tónlistarskóli Seltjarnarness er við Skólabraut. Skólastjóri er Gylfi Gunnarsson og aðstoðarskólastjóri er Kári Húnfjörð Einarsson. Fjöldi starfsmanna skólaárið 2011-2012 er 20 í 13,5 stöðugildum.

Tónlistarskóli Seltjarnarness hefur frá stofnun sinnt almennri tónlistarmenntun Seltirninga, með áherslu á grunnskólaaldur. Síðastliðin ár hafa mun fleiri nemendur á framhaldsskólaaldri stundað tónlistarnám við skólann. Ástæða þess er meðal annars samþykkt sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að styrkja ekki nemendur til tónlistarnáms utan eigin sveitarfélags. Á þessu skólaári gefst öllum nemendum sem lokið hafa miðprófi kostur á að stunda tónlistarnám óháð búsetu.

Nemendum býðst tónlistarkennsla frá tveggja ára aldri. Tónleikar á vegum tónlistarskólans eru haldnir á Mánabrekku og Sólbrekku á haust- og vorönn.

Í fyrsta bekk grunnskóla koma allir nemendur árgangsins í tónlistarskólann einu sinni í viku og njóta leiðsagnar tveggja tónlistarkennara. Í öðrum bekk grunnskóla fá nemendur sem þess óska kennslu á blokkflautu. Í þriðja bekk geta nemendur valið sér hljóðfæri, kennt er á öll algengustu hljóðfæri.

### **Helstu verkefni og áherslur Tónlistarskóla Seltjarnarness á árinu 2012**


- Starfsemi Tónlistarskóla Seltjarnarness er í föstum skorðum, en áherslubreytingar eru milli ára.
- Skólatónleikar eru á þriggja vikna fresti auk einkatónleika kennara sem haldnir eru í desember og maí. Jóla- og vortónleikar eru haldnir í Seltjarnarneskirkju. Löng hefð er fyrir því að skólinn bjóði nemendum Mýrarhúsaskóla og börnum frá Mánabrekku og Sólbrekku á tónleika á aðventu. Síðustu daga fyrir jólafrí heimsækja nemendur og kennarar ýmsar stofnanir og fyrirtæki á Seltjarnarnesi og Reykjavík.
- Tvær aldurskiptar lúðrasveitir eru starfandi á þessu skólaári. auk strengjasveitar. Hljómsveitirnar styrkja nemendur í þeirri samhæfingu sem felst í því að spila saman og leika fyrir áheyrendur.

- Dagur tónlistarskólanna er haldinn hátíðlegur síðasta laugardag í febrúar ár hvert.
- Tónlistarskólinn mun taka þátt í uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem nefnist Nótan og verður hún haldin í þriðja sinn í mars 2012.
- Áframhald verður á samstarfi Tónlistarskólans og Bókasafns Seltjarnarness. Kennarar og lengra komnir nemendur koma fram á tónleikum í bókasafninu, mánaðarlega á skólaárinu.

## 2.4. Menningar svið

Menningar svið hefur umsjón með safna- og menningarmálum. Hlutverk þess er að hafa yfirumsjón með starfsemi Bókasafns Seltjarnarness, Náttúrugripasafns Seltjarnarness og ýmsum menningarverkefnum á vegum Seltjarnarnesbæjar.

### Skipting kostnaðar menningar sviðs



Menningarfulltrúi er óráðinn, en tengill er Pálína Magnúsdóttir bæjarbókavörður sem hefur umsjón með undirbúningi og upplýsingagjöf til menningarnefndar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum nefndarinnar.

Menningarverkefni, svo sem fjölskyldudagurinn í Gróttu, Jónsmessuganga, skipulag menningarhátíðar 2012 og framkvæmd á ákvörðunum menningarnefndar 2012 eru unnin af starfsmönnum Bókasafns Seltjarnarness. Einnig hafa starfsmenn safnsins umsjón með skráningu listaverka og uppfærslu þess lista, ferðamála, Náttúrugripasafni Seltjarnarness, rafrænu ljósmyndasafni og sinna verkefnum varðandi vefsetur Seltjarnarnesbæjar auk hefðbundinna verkefna sem heyra undir almenningsbókasöfn.



## Helstu verkefni Menningar sviðs 2012

- Bæjarlistamaður verður útnefndur að vanda í byrjun árs.  
Náttúrugripasafn Seltjarnarness verður 30 ára á árinu og verður þeirra tímamóta minnst með margvíslegum hætti.
- Gróttudagurinn verður í lok apríl þar sem fólki er boðið að skoða vitann í Gróttu og njóta útivistar í eygni.  
Jónsmessuganga verður í júní eins og undanfarin ár.  
Listýningar verða í bókasafni og skoðaðar verða leiðir til að gera salinn aðgengilegri og betri til sýningarhalds.

**Bókasafn Seltjarnarness** er staðsett á Eiðistorgi 11, 2. hæð. Bæjarbókavörður er Pálína Magnúsdóttir. Fjöldi starfsmanna árið 2011 voru 8 í 5,25 stöðugildum.

Bókasafn Seltjarnarness er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun Seltjarnarness og starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningubókasöfn.

Bókasafn Seltjarnarness hefur það að meginmarkmiði sínu að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna. Þjónusta safnsins skal ná til þeirra allra, án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðana, trúarbragða, þjóðernis, eða þjóðfélagsstöðu. Það skal leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar.

## Helstu verkefni og áherslur Bókasafns Seltjarnarness


- Stærstu verkefni ársins lúta að safnkost sem er í stöðugri endurnýjun og grisjun hans fær enn á ný sérstaka athygli árið 2012.
- Geymslur safnsins verða endurskipulagðar og starfsstöðvar starfsfólks gerðar meira aðlaðandi og skilvirkar
- Upplýsingalæsi starfsfólks verður eflt með námskeiðum innanhúss og utan.
- Rafbækur og annað rafrænt efni og notkun þess í safninu í skoðun.
- Sumarlestur barna verður á sínum stað.
- Aukið samstarf við Lækningaminjasafn á sviði bókfræðipjónustu.
- Jónsmessuganga – umsjón og framkvæmd.
- Gróttudagurinn – umsjón og framkvæmd.
- Afmæli Náttúrgripasafns – umsjón og framkvæmd.
- Kynningarstarf á vegum safnsins aukið og endurbætt.
- Afmælisfyrirlestur í nóvember.
- Betri nýting húsnæðis safnsins, t.d. til félagsstarfs Seltirninga og sýningarhalds.

- Menningarstarf á vegum safnsins verður eft og kynning á því markvissari.
- Leitað verður leiða til að auka samstarf við stofnanir og félagasamtök á Seltjarnarnesi.
- Áframhaldandi samstarf verður við Tónlistarskóla Seltjarnarness um tónleikahald (*Te og tónlist*).
- Þrjónaklúbbur og sögustundir fyrir börn verða mánaðarlega og leshringur safnsins eft enn frekar.

## 2.5. Íþróttá- og tómsundasvið

Íþróttá- og tómsundasvið er annar stærsti málaflokkur bæjarfélagsins með um 18% hlutdeild í rekstri bæjarins og heyrir undir Íþróttá- og tómsundaráð (ÍTS). ÍTS er skipað 5 fulltrúum en daglegur rekstur er í höndum íþróttá- og tómsundafulltrúa sem hefur yfirumsjón með rekstri málaflokksins.

### Skipting fjármagns Íþróttá- og tómsundasviðs



Æskulýðsfulltrúi og forstöðumaður Selsins hefur umsjón með rekstri Selsins og æskulýðsmála. ÍTS gegnir lykilhlutverki í frítímaþjónustu bæjarbúa ásamt aðildarfélögum. Frítímaþjónustan er ekki lögbundin heldur almenningsþjónusta sem fólk sækir af eigin hvötum. Með öflugum íþróttá- og tómsundastarfi er lagður grunnur að ákveðnum farvegi fyrir upprennandi kynslóðir. Aukinn stuðningur við íþróttafélög skilar sér í auknum iðkendafjölda og öflugra starfi. Með tómsundastyrkjum er lögð áhersla á að öll börn og unglingar hafi sömu möguleika á tómsundastarfi við hæfi. Með

uppbyggingu íþróttamannvirkja er sköpuð aðstaða í öruggu umhverfi. Kosningu á íþróttamanni og konu Seltjarnarness ásamt félagsmálafrömuði sýnir bæjarfélagið stuðning við ungt fólk sem skarar fram úr.

### **Helstu verkefni íþrótt- og tómstundasviðs**

Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða leggja fram mörg þúsund vinnustundir í viku hverri til þess að ná fram faglegum markmiðum og veita eins góða þjónustu og vöð er á. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa með það að markmiði að auka lífsgæði, vellíðan og ánægju Seltirninga.

**Sundlaug Seltjarnarness** og World Class mynda glæsilega heilsuræktaraðstöðu þar sem almenningi gefst tækifæri á að stunda líkamsrækt við bestu aðstæður. Trimmklúbbur er starfræktur í tengslum við sundlaugina og sundleikfimi er kennd fjórum sinnum í viku endurgjaldslaust.

**Íþróttahúsið** er fullnýtt frá morgni til miðnættis. Þar fer fram íþróttastarf skólanna og öflugt starf Gróttu. Dvalartími barna og unglunga er langur í íþróttahúsinu og mikið öryggi fyrir foreldra að vita af þeim í vernduðu umhverfi, þar sem þau geta beðið eftir æfingum í góðu yfirlæti.

**Knattspyrnuvöllurinn** hýsir glæsilega knattspyrnaaðstöðu með gervigrasvelli, stúku, fjórum búningsklefum ásamt félags- og skrifstofuaðstöðu. Þar er framtíðaraðstaða knattspyrnufólks Gróttu og upprennandi knattspyrnumenn og konur munu auka getu sína í framtíðinni.

Helstu verkefni starfsstöðva Íþróttamiðstöðvar er að viðhalda gildum sínum sem eru ÖRYGGI – HREINLÆTI – ÞJÓNUSTA.

**Selið** er félagsmiðstöð allra kynslóða. Þar finna unglingar frá 12 ára aldri eitthvað við sitt hæfi og aldrið leika þar knattborðsleik tvisvar í viku. Mikil samvinna er við Grunnskólann sem vinna sameiginlega að félagsstarfi þeirra og hafa starfsmenn Selsins séð um að kenna félagsmálafræði við Valhúsaskóla. Í Selinu er aðstaða fyrir hljómsveitir til æfinga og hefur það verið vel nýtt. Selið er einnig með starfsemi fyrir 16 ára og eldri og hefur umsjón með starfi ungmennaráðs sem samanstendur af ungu fólki 16-18 ára.

Selið vinnur að ýmiskonar forvarnar- og fræðslumálum m.a eineltisfræðslu fyrir 7. 10.bekk í samstarfi við Grunnskóla Seltjarnarness.

### **Önnur verkefni Selsins.**

**Sumarnámskeið Selsins** fyrir börn á aldrinum 6-12 ára eru haldin frá júníbyrjun og eru afar vel sótt. Hægt er að velja á milli leikja, survivor og fótboltnámskeiða sem er í samstarfi við knattspyrnudeild Gróttu. Eins er starfræktur smíðavöllur í samvinnu við garðyrkjudeild bæjarins.

**Listahópur** Seltjarnarnesbæjar er skipaður af ungu fólki frá 18-24 ára og starfa við ýmsa listsköpun unna sem einstaklings- eða hópverkefni sem bæjarbúar njóta góðs af með ýmsum hætti.

**Öskudagur** er samvinnuverkefni grunnskólans, foreldrafélags og Selsins. Skemmtanir fyrir 1.-6.bekk eru haldnar í grunnskólanum.

**Sumardagurinn fyrsti** er samvinnuverkefni Selsins og Íþróttafélagsins Gróttu. Boðið er uppá fjölbreytta dagskrá allan daginn í Íþróttamiðstöðinni.

**Hátíðarhöld 17. júní** er í umsjón starfsmanna Selsins sem byrjar á skrudgöngu að Eiðistorgi þar sem skemmtanahaldið fer fram og fjölmargir listamenn sína listir sínar.

**Áramótabrenna.** Selið sér um undirbúning og skipulagningu á brennunni í samstarfi við starfsmenn áhaldahússins.

## **2.6. Bygginga- og umhverfissvið**


Á árinu 2012 er verið að ljúka ýmsum afmörkuðum skipulagsmálum en samningar um áform fyrir ný og eldri viðfangsefni svo sem Byggarðasvæðið, heildarsýn skipulagsmála og friðun Skerjafjarðar. Umfjöllun um SSH samstarfið auk samstarfs ríkis og sveitarfélaga um almenningssamgöngur verður einnig mikilvægt viðfangsefni.

Um áramótin 2011/2012 tóku gildi ný Skipulagslög og ný Mannvirkjalög, sem koma í stað Skipulags- og byggingalaga frá 1997. Von er á að reglugerðir samkvæmt þessum lögum taki gildi á næstunni og má búast við að margvíslegar breytingar verði á verkefnum í skipulags og byggingamálum í kjölfarið.

Mörg spennandi verkefni bíða í umhverfismálum, svo sem vestursvæðið og umhverfi göngustíga með öllum fjörum. Fornleifarannsóknir standa yfir hjá Nesstofu í umsjón Þjóðminjasafnsins. Áfram verður staðið fyrir fuglaskoðun og náttúrufræðslu á Seltjarnarnesi og unnið að Staðardagskrá 21.

### Brunamál og almannavarnir


Útgjöld til brunamála og almannavarna munu nema um 28 mkr. Útgjöld til málaflokksins hækka um 2 mkr. frá árinu 2011. Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis er með um 87% af heildarútgjöldunum. Á árinu verður unnið að reglubundnu viðhaldi á sjóvarnargarði bæjarins. Áætlað er að gera gönguleið í gegnum sjóvarnargarðinn við golfvöll út í Seltjörn.



### Hreinlætismál

Fjárveiting til hreinlætismála er um 35 mkr. Útgjöld til málaflokksins hækkar um 1 mkr. frá árinu 2011. Kostnaður við sorphirðu, móttökugjöld hjá Sorpu bs. og rekstur gámastöðva (grenndarstöðva) eru meginútgjöld þessa málaflokks. Álögð sorphreinsunargjöld eru um 18 millj. kr. Sorp frá íbúðarhúsum er hreinsað á 10 daga fresti. Á árinu er fyrirhugað að bjóða út sorphirðu á Seltjarnarnesi. Samhliða útboði verður íbúum gert að flokka sorp í tvær tunnur. Keyptar verða bláar tunnur sem dreift verður til íbúa vegna þessarar breytingar.

## Sorphreinsun og hreinlætismál



### Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting í verklegar framkvæmdir nemur 87,2 mkr og hækkar um 2,3% frá árinu 2011.

Undir málaflokknum er strætókostnaður lang stærstur með um 68% af framkvæmdafé og kostnaður vegna götulýsingar kemur þar næst með um 12% af kostnaði.

Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að viðhaldskostnaður vegna s.s. holufyllinga í gatna- og göngustígakerfi, snjómoksturs, hálkueyðingu gatna og göngustíga mm., yrði svipaður og hann var á síðasta ári. Á árinu verður enn fremur unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum, gatnamerkingum, biðskýlum, smábátahöfn m.m.

#### *Nýframkvæmdir innan umferðar- og samgöngumála*

Á árinu 2012 verður, auk verklegra framkvæmda sem getið er hér að framan, gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 95,5 mkr. Helstu framkvæmdir eru:

Gatnagerð við Lækningaminjasafn, þar er áætlað að verja um 7 mkr.

- Í nýtt malbik á götur fara um það bil 36 mkr.
- Í endurnýjun á gangstéttum, er áætlað að verja um það bil 46 mkr.
- Í nýjar hraðahindranir er áætlað að verja um það bil 3,5 mkr.
- Í ný bílastæði á Skólabraut áætlaðar 2,5 mkr.
- Göngustígur við Valhúsaskóla áætlað 2 mkr.

### Vinnuskóli Seltjarnarness:

Stjórnandi skólans er Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri. Fjöldi flokksstjóra sumarið 2012 verður 12. Þar af 1 yfirflokksstjóri. Fjöldi unglinga verður um 250. Vinnuskóli Seltjarnarness er ætlaður krökkum á aldrinum 13 -17 ára.

### **Helstu verkefni og áherslur Vinnuskóla Seltjarnarness 2012**

- Sláttur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.
- Almenn garðyrkjustörf á opnum svæðum bæjarins þ.e gróðursetning sumarblóma og runna, arfahreinsun, þökulögn o.fl.
- Götuhreinsun og málningarvinna.
- Nemendur fara inn á aðrar stofnanir og eru til aðstoðar t.d. við sundnámskeið, leikjánaðmskeið, golfvöll, fótboltánaðmskeið ofl.

### **Sumaráttak unga fólksins - Helstu verkefni og áherslur**


- Sláttur og hirðing opinna svæða og fegrun bæjarins.
- Viðhald, á opnum svæðum og stofnunum.
- Dreifing á áburði og moltu ásamt jarðgerð.
- Ýmis önnur sérverkefni.

### **Áhaldahús.**

Áhaldahús Seltjarnarnesbæjar starfar undir Bygginga- og umhverfissviði. Áhaldahús mun sinna hefðbundnum verkefnum sem bæjarstjóri, veitustjóri, garðyrkjustjóri, eða aðrir forstöðumenn stofnana óska eftir. Á árinu 2012 verða verkefni með nokkuð hefðbundnu sniði. Fyrirbyggjandi viðhaldi á vatns-, hita- og fráveitu verður sinnt. Brugðist verður við leka sem upp kann að koma í götum eða lóðum og skipt um inntak hjá viðkomandi, ef þess er þörf.

Mörg verk eru árstíðabundin, s.s snjómokstur, hálkueyðing, upphirða jólatrjáa, flugelda og sprengjudóts og garðaúrgangs. Garðaúrgangur og jólatré verða kurluð til jarðgerðar, er reiknað með að þar fáist ca 90 rúmmetrar af moltu.

Sumarstarfsemin verður með venjulegu sniði þ.e. þökulagningar, sláttur, upphirða, málningarvinna af ýmsum toga, eins og umferðarmerkingar, staðsetningu niðurfalla, leiktækja og eftir ábendingum forstöðumanna stofnana bæjarins. Áætlað er að það komi ca 120 sumarstarfsmenn til starfa.



Mörg önnur verk er hægt að nefna, s.s eftirlit með Gróttu og Eiðistorgi (vökvun, þrif og hreinsun renna á þaki). Tæming ruslakassa, hreinsun opinna svæða og hreinsun niðurfalla auk margra annarra starfa sem tengjast bæjarbúum.


Nýframkvæmdir verða bæði á dreifikerfi veitustofnanna, gatna- og stígakerfa bæjarins sem áhaldahús mun sinna. Einnig mun áhaldahús sjá um að koma nýjum ruslatunnum til bæjarbúa þegar tveggja tunnu kerfi verður sett á þ.e. blá tunna.



### 3. B-hluti, fyrirtæki og stofnanir

#### Veitustofnun Seltjarnarness (*vatnsveita, fráveita og hitaveita*)

*Vatnsveitan.* Eins og undanfarin ár verður unnið að viðhaldi, viðgerðum í dreifikerfi vatnsveitunnar. Fjárveiting til vatnsveitu er um 60 mkr á árinu 2012. Stærstu kostnaðarliðir vatnsveitu eru áætlaðir í viðgerðir á dreifikerfinu sem og kaup á köldu vatni frá OR.



Heildartekjur vatnsveitunnar vegna sölu á köldu vatni eru um 80 mkr. Starfsmenn áhaldahúss munu sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi vatnsveitunnar og lögn heimæða.

*Hitaveitan.* Heildartekjur hitaveitunnar vegna sölu á heitu vatni eru áætlaðar um 114 mkr á árinu 2012, sem er um 6% tekjuaukning frá fyrra ári. Stærstu kostnaðarliðir hitaveitu eru fyrirhugaðir, eins og áður, í endurbætur og viðgerðir á dreifikerfinu, leigu vatnsréttinda sem og kaup á rafmagni frá OR, sem notað er til að dæla heitu vatni úr borholum og út á kerfið. Starfsmenn áhaldahúss sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi hitaveitunnar og lögn heimæða.

## Hitaveita Seltjarnarness




### Nýframkvæmdir hjá hitaveitunni

- Á árinu 2012 verður, auk verklegra framkvæmda sem getið er hér að framan, gert ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 20,5 mkr. Helstu framkvæmdir eru:
- Endurnýja á um 300 hitaveitumæla
- Endurnýjun á stofnlögn hitaveitu í Lindarbraut
- Endurnýjun á stofnlögn hitaveitu í Unnarbraut
- Endurnýjun á stofnlögn hitaveitu í Valhúsabraut

*Fráveitan.* Fjárveiting til fráveitu er um 69 mkr á árinu 2012. Stærstu kostnaðarliðir fráveitu eru áætlaðir í endurbætur og viðgerðir á dreifikerfinu sem og fjármagnskostnað til sveitarfélagsins frá því að veitan var gerð að B- hlutafélagi. Heildartekjur fráveitunnar eru um 74 mkr. Starfsmenn áhaldahúss munu sinna reglubundnu viðhaldi á dreifikerfi fráveitunnar. Á árinu 2012 er áætlað að öllu skólpi verði dælt í hreinsistöðina í Ánanaustum, en nú er einungis um helmingur af skólpi bæjarbúa dælt þangað.

## Fráveita



### Nýframkvæmdir hjá fráveitunni

- Áætlaðar eru um 42 mkr í nýframkvæmdir í fráveitu. Þessar framkvæmdir eru:
- Verkefni sem hófst á árinu 2011, þ.e. þrýstilögn á Suðurströnd verður kláruð sem og að laga dælustöðin við Lindarbraut. Kostnaður við þessa framkvæmd er áætlaður um 10 milljónir.
- Fyrirhugað er að byggja dælustöð við Tjarnarstíg. Í þetta verkefni er áætlað að verja um 24 mkr.
- Í fráveituframkvæmd við Lækningaminjasafn eru áætlaðar um það bil 2,5 mkr.
- Í uppbyggingu á lengingu útrása er áætlað að verja um það 5 mkr.

**Lækningaminjasafn Íslands** Austurströnd 2, í Nesi og Byggörðum 7. Safnstjóri er Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

Lækningaminjasafn Íslands starfar að söfnun, varðveislu og miðlun á sögu lækninga á Íslandi í samræmi við safnalög. Einnig hefur safnið umsjón með rannsóknum á fornleifum í Nesi og vinnur að því að efla miðlun á sögu og náttúru svæðisins. Urtagarður í Nesi er rekinn í tengslum við safnið.

## 4. Fjárhagsáætlun 2012


Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2012 hefur verið unnin í nánú samstarfi við sviðsstjóra og forstöðumenn stofnana. Rammafjárhagsáætlun var send öllum forstöðumönnum og þeim ætlað að áætla fjárframlög sinna stofnana til samræmis við rammann. Haldnir voru fjölmargir fundir þar sem forstöðumenn og sviðsstjórar gerðu grein fyrir áætlunum sínum. Í nokkrum tilvikum hefur orðið um tilfærslur milli málaflokka en að öðru leiti var haldið við markmiðin.

Fjárhagsáætlunin sýnir sterka stöðu Seltjarnarnesbæjar. Hækkun verður á endurgreiðslu tryggingagjalds sem kemur til framkvæmda 1. Janúar 2012. Áætlað er að framlag Seltjarnarness frá jöfnunarsjóði verði svipað og áætlað var á síðasta ári.

### Skatttekjur

Meginhluti skatttekna eru í forni útsvars af launatekjum og eru þær 72% af heildartekjum sveitarfélagsins. Álagningarhlutfall útsvars verður óbreytt 14,18%. Af þessu hlutfalli rennur 0,95% í jöfnunarsjóð til rekstrar á málefnum fatlaðra.

### Skipting skatttekna



Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur muni hækka um 4,5%, en nokkrar launahækkningar voru á sl. ári og fyrirhugaðar eru launahækkningar á þessu ári. Gert ráð fyrir að útsvarið nemi um 1.725 mkr. á árinu, sem er hækkun um 74 milljónir milli ára.

Fasteignaskattar og lóðarleiga eru lagðir á samkvæmt gildandi fasteignamati. Álagningarhlutfall fasteignagjalda mun verða óbreytt en hækkun er á fasteignamati milli ára. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði verði 0,209%, á atvinnuhúsnæði 1,25%, lóðarleiga íbúðarhúsnæðis 0,4%, holræsagjald 0,11% og vatnsgjald 0,12% . Fasteignaskattur er

áætlaður 201,0 mkr, vatnsskattur 80,6 mkr., holræsagjald 73,8 mkr. og lóðarleiga 18,8 mkr.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega verða tekjutengdar eins og verið hefur og þess gætt að tekjulágir eldri borgarar njóti lækkunar á fasteignaskatti og holræsagjaldi.

Framlög Jöfnunarsjóðs teljast hluti skatttekna og gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 32 m.kr. m.a. til ýmissa sértækra verkefna vegna barna á grunnskólaaldri.

Íbúafjöldi á Seltjarnarnesi er 4.320 og ekki er gert ráð fyrir fjölgun á næsta ári. Reiknað er með að atvinnuleysi verði svipað á árinu 2012 og það hefur verið 2011.

## Rekstrarreikningur

	Sveitarsjóður	Samantekið A og B hluti
<b>Tekjur:</b>		
Skatttekjur	1.950.737.414	1.946.474.414
Þar af framlög jöfnunarsjóðs	32.000.000	32.000.000
Aðrar tekjur	547.160.654	765.885.926
	<u>2.497.898.068</u>	<u>2.712.360.340</u>
<b>Gjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld	1.361.865.837	1.386.329.376
Breyting lífeyrisskuldbindinga	37.400.000	37.400.000
Annar rekstrarkostnaður	1.059.122.973	1.182.497.962
	<u>2.458.388.810</u>	<u>2.606.227.339</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	39.509.258	106.133.002
Afskriftir	(74.055.855)	(98.586.387)
Óvenjulegir liðir	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjárm.gjöld	(34.546.597)	7.546.615
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	87.489.885	14.362.212
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b><u>52.943.288</u></b>	<b><u>21.908.827</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

<b>Eignir:</b>	<b>Sveitarsjóður</b>	<b>Samantekið A og B hluti</b>
<b>Fastafjármunir:</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	3.418.667.769	3.665.336.908
Veitukerfi	196.951.000	658.560.787
Vélar, áhöld og tæki	88.471.517	89.419.980
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>	<u>3.704.090.286</u>	<u>4.413.317.675</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í félögum byggðasamlaga	231.559.000	231.559.000
Eignarhlutir í tengdum félögum	1.145.000	0
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	0
Langtímakröfur - eigin fyrirtæki	316.690.253	0
Langtímakröfur-Verðbréf	0	0
Reiknuð skattinneign	0	30.522.000
<i>Áhættufjármunir og langtímakröfur</i>	<u>549.394.253</u>	<u>262.081.000</u>
<i>Fastafjármunir</i>	<u>4.253.484.539</u>	<u>4.675.398.675</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Birgðir	0	5.168.000
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur	232.613.000	232.613.000
Næsta árs afborganir langtímakrafna eigin fyrirtæki	43.272.000	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	842.950.596	0
Aðrar skammtímakröfur	64.566.000	64.566.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	33.167.000
<i>Skammtímakröfur</i>	<u>1.183.401.596</u>	<u>330.346.000</u>
Verðbréf	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0
Næsta árs afb. - fyrirtæki sveitarfélagsins	0	0
Verðbréf	0	0
Handbært fé	136.928.749	150.530.749
<i>Veltufjármunir</i>	<u>1.320.330.345</u>	<u>486.044.749</u>
<b><i>Eignir samtals</i></b>	<b><u>5.573.814.884</u></b>	<b><u>5.161.443.424</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

<b>Eigið fé og skuldir:</b>	<b>Samantekið</b>	
	<b>Sveitarsjóður</b>	<b>A og B hluti</b>
<b>Eigið fé</b>	3.885.685.002	3.313.894.638
<b>Skuldbindingar:</b>		
Lífeyrisskuldbindingar	809.719.000	865.635.000
Aðrar skuldbindingar		
<i>Skuldbindingar</i>	<u>809.719.000</u>	<u>865.635.000</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>		
Skuldir við lánastofnanir	93.651.882	187.142.786
Skuldir við eigin fyrirtæki	0	0
Aðrar langtímaskuldir	60.574.000	60.574.000
Næsta árs afborganir skulda við lánastofnanir	0	0
Næsta árs afborganir skulda við eigin fyrirtæki	0	0
Næsta árs afborganir skulda við aðra	0	0
<i>Langtímaskuldir</i>	<u>154.225.882</u>	<u>247.716.786</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Skuldir við lánastofnanir	459.955.000	459.955.000
Viðskiptaskuldir	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda við eigin fyrirtæki	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímaskulda	51.113.000	54.302.000
Næsta árs afborganir leiguskulda	9.128.000	9.128.000
Skuldir við eigin fyrirtæki	4.454.000	0
Reiknaðir skattar ársins		0
Fyrirfram innheimtar tekjur		0
Aðrar skammtímaskuldir	199.535.000	210.812.000
<i>Skammtímaskuldir</i>	<u>724.185.000</u>	<u>734.197.000</u>
<i>Skuldir og skuldbindingar samtals</i>	<u>1.688.129.882</u>	<u>1.847.548.786</u>
<b><i>Skuldir og eigið fé alls</i></b>	<b><u>5.573.814.884</u></b>	<b><u>5.161.443.424</u></b>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2012

	Sveitarsjóður	Samantekið A og B
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Niðurstaða ársins	52.943.288	21.908.827
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
(Söluhagnaður) / tap eigna	0	0
Reiknaðar afskriftir	74.055.855	98.586.387
Verðbætur og gengismunur	(11.006.876)	12.964.695
Breyting lífeyrisskuldbindinga	37.400.000	39.000.000
<i>Veltufé frá rekstri</i>	<u>153.392.267</u>	<u>172.459.909</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	27.249.864	27.249.864
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	0	0
<i>Breytingar</i>	<u>27.249.864</u>	<u>27.249.864</u>
<i>Handbært fé frá (til) rekstrar</i>	<u>180.642.131</u>	<u>199.709.773</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(141.500.000)	(207.200.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0
Langtímakröfur/Verðbréf - breyting	0	122.000
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	<u>(141.500.000)</u>	<u>(207.078.000)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Skammtímalán - Breyting	0	0
Afborganir langtímalána	(62.950.244)	(65.617.658)
Viðskiptastaða við eigin fyrirtæki, breyting	(49.177.772)	0
Úthlutaður arður innan samstæðu	0	0
Önnur skammtímafjármögnun		
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	<u>(112.128.016)</u>	<u>(65.617.658)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	(72.985.885)	(72.985.885)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	237.164.498	250.766.498
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u><b>164.178.613</b></u>	<u><b>177.780.613</b></u>